

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 622/2003**frá 4. apríl 2003****um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd****(Texti sem varðar EES)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Framkvæmdastjórninni ber að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Evrópusambandinu. Reglugerð er best til þess fallin.
- 2) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega.
- 3) Í þessu skyni er nauðsynlegt að heimila að gerður sé greinarmunur á flugvöllum með hliðsjón af mati á staðbundinni áhættu. Því ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um þá flugvelli sem taldir eru vera í lítilli hættu.
- 4) Heimila ber einnig að beita megi mismunandi framkvæmdaráðstöfunum eftir því um hvers konar flugstarfsemi er að ræða. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um það ef öðrum ráðstöfunum er beitt til að tryggja jafngilda flugvernd.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til framfylgðar og tæknilegrar aðlögunar sameiginlegum grunnreglum um flugvernd, sem taka ber upp í innlendar flugverndaráætlanir í almenningssflugi.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „Innlend flugverndaráætlun í almenningssflugi“: reglur, starfsvenjur og málsmeðferð sem aðildarríkin samþykkja skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 til að tryggja flugvernd í almenningssflugi á yfirráðasvæði sínu.
- „Viðeigandi yfirvald“: innlent yfirvald sem aðildarríki tilnefnir skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 til að bera ábyrgð á samræmingu á og eftirliti með framkvæmd flugverndaráætlunar þess ríkis í almenningssflugi.

3. gr.

Trúnaðarkvöð

Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. gr., eru settar fram í viðaukanum.

Ráðstafanirnar skulu vera leynilegar og ekki birtar opinberlega. Einungis þeir sem til þess hafa tilskilið umboð aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar skulu hafa aðgang að þeim.

4. gr.

Tilkynning

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni skriflega um þá flugvelli þar sem þau hafa nýtt sér kostinn sem heimilaður er skv. a- eða c-lið 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002.

5. gr.

Aðrar ráðstafanir

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni skriflega um aðrar ráðstafanir sem beitt er í samræmi við lið 4.2 í viðauka við reglugerð (EB) 2320/2002.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 19. apríl 2003.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. apríl 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.

VIÐAUKI

ÍTARLEGAR FLUGVERNDARRÁÐSTAFANIR

Í samræmi við 3. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
